



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Sölubann á villtri gæs

Stjórn Fuglaverndar leggur til við háttvirtan umhverfisráðherra að beita sér fyrir sölubanni á villtri gæs fyrir haustið 2008. Atvinnuveiðar á fuglum eru tímaskekkja í nútímasamfélagi þar sem þrengt er verulega að fuglastofnum með skerðingu búsvæða og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Samhliða tveggja ára friðun rjúpnastofnsins var einnig lagt á sölubann og heppnaðist sú aðgerð ákaflega vel. Samhliða friðun blesgæsar hefur ekki verið í gildi sölubann og hafa sú friðunaraðgerð ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Samkvæmt talningum á vetrarstöðvum blesgæsa á Bretlandseyjum hefur blesgæsastofninn ekki tekið við sér í kjölfar friðunar og svo virðist sem enn séu stundaðar hér blesgæsaveiðar að einhverju leyti. Villibráð nýtur vaxandi vinsælda á veitingahúsum og undanfarin ár hefur farið fram markaðssetning á villibráðarhlaðborðum. Eigendur veitingahúsa kaupa í flestum tilfellum gæsabringur af veiðimönnum, en ekki heilar gæsir og vita þar af leiðandi ekki hvernar tegundar fuglinn er. Með sölubanni væri komið í veg fyrir þá freistingu veiðimanna að eiga gróðravon af veiðum á blesgæs.

Það hefur sýnt sig og sannað að svonefndir magnveiðimenn eru lítil hluti af heildarfjölda veiðimanna en veiða stóran hluta af bráðinni. Skotvís hefur margoft ályktað gegn magnveiðum og Fuglavernd tekur í sama streng. Fuglaveiðar í atvinnuskyni, magnveiðar, eru tímaskekkja sem nú er tækifæri til að leiðrétta með sölubanni á villtri gæs.

Reykjavík 1. nóvember 2007

Virðingarfyllst
F.h. Fuglaverndar

Einar Ó. Þorleifsson